



HRUNAMANNAREPPUR

58. FUNDUR HREPPSNEFNDAR
KJÖRTÍMABILÍÐ 2006 – 2010 4. FUNDUR ÁRSINS
VAR HALDINN ÞRIÐJUDAGINN 6. APRÍL 2010
KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2010, þann 6. apríl kom hreppsnefnd Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14.00 í Ráðhúsi hreppsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Halldóra Hjörleifsdóttir, Esther Guðjónsdóttir, Gunnar Hallgrímsson, Sigurður Ingi Jóhannsson, Ísólfur Gylfi Pálmason sem skráði fundargerð. Ragnar Magnússon, oddviti setti fund og stjórnaði honum. Svanhildur Hrönn Pétursdóttir, skrifstofustjóri og Einar Sveinbjörnsson, endurskoðandi KPMG mættu til fundarins undir 1. dagskrárlið og til að fylgja ársreikningi Hrunamannahrepps fyrir árið 2009 úr hlaði. Oddviti bauð fundarmenn velkomna um leið og hann óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar. Oddviti óskaði eftir að bæta fundargerð fræðslunefndar frá því í dag, einnig var ákveðið að ræða áframhaldandi um fyrirhugaða byggingu nýrra rétta. Einnig var ákveðið að útnefna fulltrúa í 17. júní nefnd Hrunamannahrepps.

Dagskrá fundarins er eftirfarandi:

Erindi til hreppsnefndar:

1. Ársreikningur Hrunamannahrepps 2009 – endurskoðunarskýrsla. Einar Sveinbjörnsson, endurskoðandi KPMG mætir á fundinn. Fyrri umræða.
2. Kolbrún Kristín Daniélsdóttir: Bændamarkaður 2010.
3. Landgræðslufélag Hrunamannahrepps: Samstarf og styrkur
4. Þórdís Gísladóttir: Jazzballett fyrir ungt fólk.
5. Fannborg - Kerlingarfjöll: Drög að samkomulagi.
6. Matis: Hugmyndir um nýja atvinnustarfsemi.
7. Hverahólmi: Framhaldsumræða v. leigusamnings.
8. SASS: Tillaga um skipulag málefna fatlaðra á starfssvæði SASS.
9. Skólaakstur: Hækkun aksturstaða og aldursákvæði.
10. Hrunaréttir: Framhaldsumræða.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

1. 2. og 3. fundur Fræðslunefndar v. leikskóla frá 25. mars s.l.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnæssýslu og Flóahrepps.

1. 22. fundur Skipulags og byggingarnefndar 23 mars s.l.
2. 39. og 40. afgreiðslufundur byggingarfulltrúa frá 17. febrúar s.l.
3. N1 yfirlýsing vegna lóðarinnar á Grund 215708.
4. Skipulagsfulltrúi: Auglýsing um skipulagsmál.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. SASS: 432. fundur stjórnar frá 26. mars s.l.
- b. Sorpstöð Suðurlands: 188. fundur stjórnar frá 29. mars s.l.
- c. Sorpstöð Suðurlands: Aukaaðalfundur frá 22. mars s.l.
- d. Atvinnuþróunarfélag Suðurlands frá 3. mars s.l. ásamt minnisblaði.

Önnur mál og upplýsingar:

- a. Skipulagsstofnun: Greiðsla kostnaðar v. aðalskipulags frá 16. mars s.l.
- b. Árborg: Ályktun vegna sorpmála frá 16. mars s.l.
- c. Sambandið: Átak v. viðhalds opinberra bygginga frá 29. mars s.l.
- d. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið: V. hækkunar tryggingargjalda.
- e. Félag ísl. atvinnuflugmanna: Ályktanir - Reykjavíkurflygvöllur

Fundir framundan:

1. Ný heilsugæslustöð opnun 8. apríl n.k.

Skýrsla á skrifstofu:

1. Vaxtarsamningur Suðurlands og Vestmannaeyja – Ársskýrsla 2009
2. Lánasjóður sveitarfélaga: Ársreikningur 2009.

Gengið til dagskrár:

Erindi til hreppsnefndar:

- 1. Ársreikningur Hrunamannahrepps 2009 – endurskoðunarskýrsla. Einar Sveinbjörnsson, endurskoðandi KPMG mæri á fundinn. Fyrri umræða.** Oddviti lagði fram Ársreikning Hrunamannahrepps fyrir árið 2009 ásamt sundurliðunum til fyrri umræðu. Einar Sveinbjörnsson, endurskoðandi kynnti helstu kennitölur en áður höfðu skoðunarmenn hreppsreiknings þau Kristbjörg Kristinsdóttir og Pálmar Þorgeirsson undirritað hann. Svanhildur Hrönn Pétursdóttir, skrifstofustjóri sat einnig fundinn undir þessum dagakrárlíð. Nokkrar umræður voru um reikninginn og er vísað til framlagðra gagna. Afgreiðslu vísað til næsta fundar hreppsnefndar.
- 2. Kolbrún Kristín Daníelsdóttir: Bændamarkaður 2010.** Oddviti kynnti bréf frá Kolbrúnu Daníelsdóttur. Hún hyggst taka við bændamarkaðnum sem rekin var síðasta sumar og hefur í huga að framleiða matvöru úr því hráefni sem ræktað og framleitt er í hreppnum og óskar eftir að fá leigt eldhúsið í skólanum í sumar í þeim tilgangi. Hreppsnefnd tekur vel í erindi Kristínar og felur sveitarstjóra að ganga frá samningum varðandi leigu á eldhúsinu.
- 3. Landgræðslufélag Hrunamannahrepps: Samstarf og styrkur** Oddviti kynnti bréf frá landgræðslufélagi Hrunamannahrepps þar sem farið er fram á styrk frá hreppnum og áframhaldandi samstarf. Hreppsnefnd samþykkir að styrkja Landgræðslufélagið um kr. 100.000 og auk matarkostnað.
- 4. Þórdís Gíslandóttir: Jazzballett fyrir ungt fólk.** Oddviti kynnti bréf frá ungri stúlku ættaðri úr hreppnum. Hún óskar eftir að fá afnot af húsnæði í eigu sveitarfélagsins til að halda dansnámskeið sem hún hyggst halda á Flúðum í sumar. Hreppsnefnd tekur vel í erindið og felur sveitarstjóra að ræða við bréfitara.
- 5. Fannborg - Kerlingarfjöll: Drög að samkomulagi.** Oddviti kynnti drög að leigusamningi við Fannborg á landssvæði í Kerlingarfjöllum en áður hefur verið fjallað um drögin í hreppsnefnd. Páll Gíslason hefur komið til fundar við oddvita og sveitarstjóra vegna samningsins. Hreppsnefnd felur sveitarstjóra að gera breytingar í samræmi við umræðu á fundinum og senda til fulltrúa Fannborgar og senda síðan drögin til Landbúnaðar- og FMÆ nefndar til umsagnar.
- 6. Matís: Hugmyndir um nýja atvinnustarfsemi.** Oddviti kynnti áætlanir Íslenskrar matorku ehf. um hlývatnseldi á Íslandi. Þau óska eftir viðræðum við sveitarfélagið um aðkomu heimamanna að uppbyggingu hlývatnseldis. Hreppsnefnd tekur vel í hugmyndirnar og felur sveitar- og veitustjóra að afla upplýsinga sem beðið er um í erindi Íslenskrar matorku ehf.
- 7. Hverahólmi: Framhaldsumræða v. leigusamnings.** Oddviti kynnti stöðu mála um leigusamning vegna Hverahólma. Hann sagði frá viðræðum sem átt hafa sér stað vegna afnotaréttar vatns. Hreppsnefnd lítur þannig á að samningsdrögin séu til umfjöllunar hjá Birni Kjartanssyni.
- 8. SASS: Tillaga um skipulag málefna fatlaðra á starfssvæði SASS.** Sveitarstjóri kynnti tillögu um skipulag málefna fatlaðra sem unnar hafa verið af Sigurði H. Helgasyni og voru til umfjöllunar á fundi í síðustu viku um málefni fatlaðra.
- 9. Skólaakstur: Hækkun aksturstaxta.** Oddviti kynnti beiðni skólabifreiðastjóra um hækkun á aksturstaxta á skólaakstri vegna mikillar hækkunar á rekstrarkostnaði. Hreppsnefnd samþykkir að hækka taxtann um kr. 5 og gildir breytingin frá 1. mars s.l.
- 10. Hrunaréttir: Framhaldsumræða.** Rætt var um nýjar réttir, staðsetningu o.fl. Einnig var lagt fram bréf frá aðalfundi sauðfjárþænda þar þeir heita að styrkja framkvæmdina um kr. 250.000. Ákveðið að senda hugmyndir að nýjum réttum til Landbúnaðar- Umhverfis og FMÆ nefndar til skoðunar.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

1. 2. og 3. fundur Fræðslunefndar v. leikskóla frá 25. mars s.l. og fundur 2. fundur frá í dag v. Flúðaskóla. Formaður fræðslunefndar kynnti 2. og 3. fund fræðslunefndar vegna leikskóla á árinu. Þar er m.a. fjallað um skýrslu skólastjóra þar sem farið er yfir helstu starfsemi skólans. Þá kynnti formaður fræðslunefndar 2. fundargerð Flúðaskóla sem haldinn var í dag. Þar er m.a. fjallað um þátttöku nemenda í ýmsum keppnum þar sem þau hafa náð mjög góðum árangri. Einnig frá starfsmannamálum fyrir næsta skólaár. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðirnar.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps.

1. 22. fundur Skipulags og byggingarnefndar 23 mars s.l. Oddviti kynnti fundargerðina en þar er fjallað um fjögur mál sem tengjast Hrunamannahreppi. Mál nr. 19. Frístundabyggð í Heiðarbyggð erindinu var hafnað þar sem deiliskipulagið gerir ekki ráð fyrir byggingum nær en 15. m. frá lóðamörkum. Mál nr. 20 – Dalabyggð, erindinu hafnað þar sem gildandi aðalskipulag gerir ráð fyrir að hámarksbyggingarmagn á frístundahúsalóðum miðist við nýtingarhlutfallið 0,03 Mál 21. Álftabyggð – afgreiðslu málsins frestað. Mál 22 Deiliskipulagsbreyting við Grund. Deiliskipulagið samþykkt skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.
2. N1 yfirlýsing vegna lóðarinnar á Grund 215708. Oddviti kynnti yfirlýsingu N1 um að þeir mótmæli ekki fyrir sitt leyti breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar Grundar. Lagt fram til kynningar.
3. Skipulagsfulltrúi: Auglýsing um skipulagsmál Hveramýri. Lögð fram til kynningar.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. SASS: 432. fundur stjórnar frá 26. mars s.l. Oddviti kynnti 432. stjórnarfund SASS. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.
- b. Sorpstöð Suðurlands: 188. fundur stjórnar frá 29. mars s.l. Oddviti kynnti 188. fund stjórnar Sorpstöðvarinnar. Þar var fjallað um uppsetningu umhleðsluáðstöðu og nýjan urðunarstað. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.
- c. Sorpstöð Suðurlands: Aukaaðalfundur frá 22. mars s.l. Oddviti kynnti aukaaðalfund sorpstöðvar suðurland. Þar er fjallað um tillögu að umhleðslu og flokkunarstöð og kynntur var undirbúningur að nýjum urðunarstað. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.
- d. Atvinnuþróunarfélag Suðurlands frá 3. mars s.l. ásamt minnisblaði. Oddviti kynnti 291. fund stjórnar atvinnuþróunarfélags Suðurlands. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.

Önnur mál og upplýsingar:

- a. Skipulagsstofnun: Greiðsla kostnaðar v. aðalskipulags frá 16. mars s.l. Lagt fram til kynningar.
- b. Árborg: Ályktun vegna sorpmála frá 16. mars s.l. Lagt fram til kynningar.
- c. Sambandið: Átak v. viðhalds opinberra bygginga frá 29. mars s.l. Lagt fram til kynningar.
- d. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið: V. hækkunar tryggingargjalda. Lagt fram til kynningar.
- e. Félag ísl. atvinnuflugmanna: Ályktanir - Reykjavíkflugvöllur Lagt fram til kynningar.

Útnefning í þjóðhátíðarnefnd og ruslamálaráðherra:

- Samþykkt var að Hjálmur Pétursson verði fulltrúi hreppsins í þjóðhátíðarnefnd næstu tvö árin.
- Samþykkt að Helgi Kjartansson verði ruslamálaráðherra í Hrunamannahreppi 2010.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 17:10